

Minnisblað

Til: Fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar
Frá: Guðrínu Birgisdóttur
Dags. 6. maí 2019
Mnr. 2017050131



ÍSAFJARÐARBÆR

Staða á biðlistum eftir leikskólavist

Leikskólarnir Sólborg og Eyrarskjól hafa nú úthlutað öllum lausum plássum og fyllt það hámarksviðmið sem leikskólalíkan leikskóla Ísafjarðarbæjar segir til um fjölda barna á deild.

Staða biðlista þar sem óskað er eftir leikskólavist í leikskólunum Sólborg og Eyrarskjóli er þannig að í dag eru 24 börn á aldrinum fjögurra mánaða til tæplega þriggja ára, sem ekki hafa fengið úthlutað leikskólaplássi. Þar af eru 7 börn sem foreldrar hafa óskað eftir seinkun á úthlutun leikskólaplássanna til vors/ sumars 2020.

Yngsta barnið sem boðið verður vistun frá 2. desember 2019 er fætt í október 2018 og verður því rúmlega 13 mánaða þegar það hefur leikskólagöngu sína.

Kynjahlutföll barna á biðlistanum eru 11 stúlkur og 13 drengir.

13 foreldrar hafa sett sem sitt fyrsta val á leikskólavist í leikskólann Sólborg og 11 foreldrar á leikskólann Eyrarskjól.

GB